



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 18. september 2020
2009662SA KB/bg
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.) – Mál nr. 175/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 4. september sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem varða ráðstöfun á þeim aflaheimildum sem ríkið er með forræði yfir (5,3%). Breytingarnar eru byggðar á grundvelli tillagna starfshóps um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda sem skilaði skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í febrúar 2020.

Almennt má telja að vel hafi tekist til við að gera tilgang og markmið atvinnu- og byggðakvóta skýrari í lögnum. Sú aðgerð mun vonandi leiða til skýrari umræðu um atvinnu- og byggðakvóta og hvernig beri að nýta þann kvóta til eflingu byggðar. Einnig er til eftirbreytni að lögfesta eigi að óháður aðili meti árangur aðgerða fyrir 31. desember 2026 og að ráðherra eigi að leggja til, á grundvelli þess mats, hvort ástæða sé til breytinga á lögnum svo markmiðum atvinnu- og byggðakvóta sé náð.

Þó er eitt ákvæði sem mætti skýra betur, hugsanlega í greinargerð, en það er ákvæði 15. gr. g. Tilraunaverkefni til byggðaþróunar. Samkvæmt 2. málsgrein skal gera samning um tilraunaverkefni milli ráðherra, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga. Lítur því út fyrir að landshlutasamtök þurfi ávallt að vera hluti af samningi um tilraunaverkefni jafnvel þótt tilraunaverkefni nái yfir aðeins eitt sveitarfélag eða fá sveitarfélög á starfssvæði landshlutasamtaka. Í greinargerð er ekki nákvæmlega skýrt hvert hlutverk landshlutasamtaka eigi að vera í slíkum samningum. Hvetur sambandið því til nánari skoðunar á þessu ákvæði þannig að skýrt sé hvaða hlutverk hver og einn aðili gegnir í samningi um tilraunaverkefni. Einnig gæti verið skynsamlegt að ákvæðið feli ekki í sér að allir aðilar er taldir eru upp þurfi að vera aðilar að tilraunaverkefni heldur fari það eftir aðstæðum hverju sinni hverjir eru kallaðir að samningsborði.

Umsögn þessi er unnin í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri